

Fundargerð – 545. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 14. mars 2023, kl. 16:30 í fundarsal Kölku í Helguvík.

Mættir: Árni Kristmundsson (varamaður), Ingbór Guðmundsson, Eiður Ævarsson, Svavar Grétarsson og Steinþór Þórðarson og Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
2. Ársreikningur 2022.
3. Útboð sorphirðu og annarra þjónustu fyrir Kölku. Undirbúningur hafinn.
4. Fundur með sorphirðuvertaka.
5. Önnur mál.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjórinn fór yfir helstu atriði í rekstrinum frá síðasta stjórnarfundum. Framkvæmdastjórinn fór yfir öryggismál, starfsmannamál og brennsluna í febrúar og mars en eitt stopp var í mars. Framkvæmdastjórinn fór yfir kolefnisföngun flugöskunnar og upplýsti stjórnina að eftir mikla leit þá er niðurstaðan sú að í þessu felist ekki áhætta. Framkvæmdastjórinn upplýsti einnig að hann sé á leiðinni til Noregs á næstu dögum til að hitta Carbon Centric. Framkvæmdastjórinn fór einnig yfir sorphirðu seinustu mánuði, undirbúnings útboðs, núverandi samninga og straumaskipti.

2. Ársreikningur 2022

Framkvæmdastjórinn fór yfir helstu atriði ársreikningsins 2022. Bókfærðar tekjur eru tæpur milljarður. Við höfum verið að auka aðrar brennslutekjur um 60 milljónir milli ára sem er virkilega gott. Mikil aukning í tekjum milli ára og launakostnaður milli ára nánast óbreyttur.

Framkvæmdastjórinn upplýsti fundinn að áætlað sé að ársreikningur verði lagði fyrir stjórn á fundi 11. apríl og viku seinna þann 18. apríl verði haldinn aðalfundur Kölku.

3. Útboð sorphirðu og annarra þjónustu fyrir Kölku. Undirbúningur hafinn.

Þessi liður var tekinn undir dagskrárlið nr. 1

4. Fundur með sorphirðuvertaka.

Þessi liður var tekinn undir dagskrárlið nr. 1

5. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri upplýsti fundinn að unnið er að því að ganga varanlega frá skiptingu lífeyrisskuldbindinga. Allir aðilar eru tilbúnir að staðfesta að þetta sé eðlileg skipting út frá sögunni og LSR getur farið í söguleg gögn til að greina þetta. Engar athugasemdir frá framkvæmdastjóra við þessar skiptingar. Framkvæmdastjóri leggur til að stjórn samþykki að það verði gengið frá þessu

fyrir okkar hönd. Eftir góða umræðu samþykkir stjórn framlagðann samning milli samband sveitarfélaga á suðurnesjum og kólku og felur framkvæmdastjóra að undirrita samninginn.

Framkvæmdastjórinn fór einnig yfir suðvesturbrennsluna, þ.e. ný nálgun við uppbyggingu innviða á Íslandi. Framkvæmdastjórinn fór yfir aðdragandann að þessu máli, frá orðum til athafna, nýjar upplýsingar og nýja nálgun. Nýja nálgunin er sú að sorpsamlögin á SV horninu hafa lýst yfir áhuga á að fá að taka þátt í að byggja nýja lausn. Áætla má að á milli 80-85% af brennanlegum úrgangi sem fellur til á Íslandi sé á forræði þessara aðila. Áætla má að brennsla sem annar 100 þús. tonnum af úrgangi á ári væri heppileg stærð. Samlögin vilja láta á það reyna að sveitarfélögin að baki þeim nái samstöðu um þessa uppbyggingu. Fyrir liggja tilboð um fjármögnun og er nú unnið að frekari greiningum á kostnaði. Hugmyndin er að sveitarfélög geti verið með í lausninni án þess að leggja fram fjármuni. Stöðin verði fjármögnuð og rekstur hennar muni standa straum af bæði fjárfestingu og rekstri.

Eftir góða umræðu hefur stjórnin ákveðið að lýsa yfir stuðningi við þær hugmyndir sem komið hafa frá samstarfsvettvangi sorpsamlaga á SV horninu um uppbyggingu nýrrar soprorkustöðvar. Stjórn hvetur sveitarfélögin á Suðurnesjum til að skoða með opnum huga þá leið sem hér er til umræðu og stefna að fullri þátttöku í þeirri vinnu sem framundan er til að leiða málið til lykta.

Áætlað er að bæjarstjórnir fái fljótlega frekari kynningar á þessu efni.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:40
Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 11. apríl 2023.

Fundargerð samþykkt með undirritun.

Árni Kristmundsson

Ingbór Guðmundsson

Svavar Grétarsson

Eiður Ævarsson

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

Steinþór Þórðarson